Fjarðabyggð

**E R I N D I S B R É F**
***starfshóps um breytingar í leikskólum Fjarðabyggðar***

**Ábyrgð:**
Bæjarráð

**Markmið:**
Að vinna að gerð tillögu um verklag, samráð og tímasetningar á samþykkt bæjarstjórnar á breytingum í fræðslumálum Fjarðabyggðar eftir að breytingum var þrepaskipt. Starfshópurinn er skipaður til að koma til móts við þau sjónarmið sem fram komu á fundum skólastjórnenda með bæjarráði þann 13. maí sl. Meðan á vinnu starfshópsins stendur verður starfsemi leikskólanna óbreytt fram til 31. desember m.t.t. þeirra breytinga sem ákvarðaðar voru í bæjarstjórn 27. febrúar sl.

**Verkefni:**
Starfshópurinn mun vinna að breytingum sem samþykktar voru í bæjarstjórn og horfir auk þess til endurskoðunar leikskólakerfisins m.t.t. vistunartíma, skráningardaga, gjaldskrár, rýni á rekstri mötuneyta o.fl., til að bregðast við mönnunarvanda.
Starfshópurinn mun skila drögum að tillögum fyrir lok októbermánaðar 2024 að höfðu samráði um þær.

**Einstök efnistök og verkefni:**

1. Stöðumat
2. Aðgerða- og tímaáætlun
3. Skipulag samráðs
4. Rýni kostnaðar og nýtingu fjármuna
5. Önnur atriði sem málið varða

**Hópinn skipa:**

1. Ragnar Sigurðsson formaður, Jón Björn Hákonarson, Stefán Þór Eysteinsson.
2. Stjórnandi fræðslumála og skólaþjónustu ásamt bæjarstjóra
3. Skólastjórar leikskólanna í Fjarðabyggð.

**Aðrir starfsmenn og eða ráðgjafar hópsins:** Aðrir starfsmenn og ráðgjafar eftir þörfum.

**Stjórnsýsla, starfstími og skil til bæjarráðs:**
Formaður boðar til funda en starfshópurinn heldur fundargerðir sem lagðar eru fyrir bæjarráð. Starfstími hópsins verður út desember 2024.

**Þóknun:**
Enginn nefndarþóknun er greidd en aksturskostnaður er greiddur. Gert er ráð fyrir að fundað sé á dagvinnutíma.

Fjarðabyggð, 10. júní 2024.

staðgengill bæjarstjóra